

Matsnefnd um leyfisbréf

FYRIR LEIK-, GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLA
ÁRSSKÝRSLA 2016/2017

Matsnefnd

Matsnefnd leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla starfar á grundvelli 7.gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og reglugerð nr. 241/2009 um matsnefnd leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Í lögum er kveðið á um að „leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til að nota starfheitið leikskólakennari, grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn.“

Matsnefndin skal skipuð fimm fulltrúum, einum tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Breytingar urðu á matsnefnd á tímabilinu 2016-2017. Ellisif Tinna Viðarsdóttir var skipuð fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í stað Sólveigar B. Gunnarsdóttur.

Nefndin sem skipuð var þann 14. mars 2017 er þá þannig skipuð: Krístrún Birgisdóttir, formaður og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Elna Katrín og Ólafur Loftsson, fulltrúar Kennarasambands Íslands, Ellisif Tinna Viðarsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Finnur Friðriksson, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins.

Varamenn eru Guðni Olgeirsson, varaformaður og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Haraldur Freyr Gíslason og Guðbjörg Ragnarsdóttir, fulltrúar Kennarasambands Íslands, Klara E. Finnbogadóttir og Guðbjörg Pálsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins. Með nefndinni starfar einnig Íris Bergmann, starfsmaður Menntamálastofnunar. Skipunartími nefndarinnar er frá 14. mars 2017 til 28. febrúar 2021.

Nefndin fundaði mánaðarlega á árunum 2016 og 2017. Hver fundur stóð að jafnaði yfir í tvær klukkustundir auk þess sem einhver tími fer hjá nefndarmönnum í lestur gagna og annan undirbúning fyrir fund.

Hlutverk Menntamálastofnunar er varðar matsnefnd

Frá ársbyrjun 2016 hefur Menntamálastofnun, að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, haft umsjón og umsýslu með matsnefnd um leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Samkvæmt flutningsbréfi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu ber stofnuninni að annast upplýsingagjöf og miðlun er varðar


málefni nefndarinnar, veita henni fundaraðstoðu, skrifstofuaðstoð og annast skjalavörslu vegna starfsemi hennar. Menntamálastofnun er einnig ætlað að taka á móti umsóknum, halda gagnagrunn um þær og afgreiðslu þeirra svo og ber stofnuninni að senda tillögur nefndarinnar um afgreiðslu leyfisbréfa til ráðuneytisins til staðfestingar.

Breytingar á lögum

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, tóku að fullu gildi 1. júlí 2011 eftir þriggja ára aðlögunarferli. Í september 2011 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 139/2011 um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum. Með breytingunni var gildistöku laganna frestað í takmörkuðum tilvikum. Breytingin hefur það í för með sér að kennarar geta í takmörkuðum tilvikum fengið leyfisbréf, sbr. eldri lög án þess að hafa lokið meistaraþrófi eins og löggin kveða á um. Þetta þýðir að þeir sem innrituðust í fullgilt 180 eininga kennaranám, bakkalárnám til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum á grundvelli laganna og luku náminu fyrir 1. júlí 2012 eða áttu við lok vormisseris 2011 30 eða færri einingum ólokið til prófs, eiga rétt á útgáfu leyfisbréfs til kennslu í leikskólum, grunnskólum og/eða framhaldsskólum, óháð því hvenær þeir sækja um. Sama gildir um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum og luku náminu fyrir 1. júlí 2012.


Afgreiðsla umsókna um leyfisbréf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara 2016

Alls bárust 334 umsóknir um leyfisbréf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara á árinu 2016. Flestar umsóknir eða 152 bárust um leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla, 104 um leyfisbréf í grunnskóla og 78 um leyfisbréf til kennslu í leikskóla. Af þeim 334 umsóknum sem bárust fóru 119 umsóknir til afgreiðslu matsnefndar.




Mynd 1: Heildarfjöldi umsókna um leyfisbréf flokkað eftir skólastigi.

Alls voru 229 umsóknir af þeim 334 sem bárust samþykktar og 105 umsóknum var synjað. Hér má sjá yfirlit yfir afgreiðslu umsókna eftir skólastigi.



Mynd 2: Yfirlit yfir afgreiðslu umsókna eftir skólastigum.


Af þessu leiðir að gefin voru út leyfisbréf fyrir 60% þeirra sem sóttu um en 31% umsókna var synjað.



Mynd 3: Hlutfall umsókna sem voru samþykktar/synjað árið 2016.

Umsóknir um leyfisbréf fyrir leikskólakennara 2016


Alls sóttu 78 um að fá leyfisbréf til þess að nota starfsheitið „leikskólakennari“. Af þeim sem sóttu um fengu 38 útgefið leyfisbréf og voru allar samþykktar umsóknir frá konum. Þeir sem fengu útgefið leyfisbréf til leikskólakennslu höfðu flestir, eða 25, hlotið menntun hér á landi. Hér á eftir má sjá menntunarland þeirra sem fengu útgefin leyfisbréf til kennslu í leikskóla árið 2016.



Mynd 4: Menntunarland þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari árið 2016.


Umsóknir um leyfisbréf fyrir grunnskólakennara 2016

Alls sóttu 104 um að fá leyfisbréf til þess að nota starfsheitið „grunnskólakennari“. Af þeim sem sóttu um fengu 68 útgefið leyfisbréf, 10 karlar og 58 konur. Samtals var 36 umsóknum synjað.



Mynd 5: Útgefin leyfisbréf fyrir grunnskólakennara 2016.


Þeir sem fengu útgefið leyfisbréf til grunnskólakennslu höfðu flestir, eða 45, hlotið menntun hér á landi. Hér má sjá menntunarland þeirra sem fengu útgefin leyfisbréf til kennslu í grunnskóla árið 2016.



Mynd 6: Menntunarland þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf í grunnskóla árið 2016.


Umsóknir um leyfisbréf fyrir framhaldsskólakennara árið 2016

Alls sóttu 152 um að fá leyfisbréf til þess að nota starfsheitið „framhaldsskólakennari“. Af þeim sem sóttu um fengu 123 útgefið leyfisbréf, 33 karlar og 90 konur. Samtals var 29 umsóknum synjað.



Mynd 7: Útgefin leyfisbréf fyrir framhaldsskólakennara 2016.

Flestir þeirra, eða 102, sem fengu útgefið leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla höfðu hlotið menntun hér á landi. Hér má sjá menntunarland þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla árið 2016.



Mynd 8: Menntunarland þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf til að kenna í framhaldsskóla 2016.


Leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla eru ólíkt því sem er í grunnskólum gefin út á tiltekna faggrein. Hér má sjá fjölda útgefna leyfisbréfa til framhaldsskólakennslu eftir faggreinum.

Bífræðasmíði og bílamálun	1	Lögfræði	1
Bókmenntafræði	2	Mannfræði	3
Danska	1	Matvælafræði	1
Efnafræði	2	Myndlist	6
Enska	4	Pólska	1
Fataiðn/fatahönnun	1	Rennismíði	1
Ferðamálafræði	1	Saga	4
Félagsfræði	5	Sálfræði	8
Fjölmiðlafræði	2	Sérkennsla	6
Franska	1	Siðfræði	2
Franska	1	Snyrtifræði	1
Gullsmíði	1	Spænska	1
Hagfræði	1	Stálsmíði	1
Hársnyrtiiðn	2	Stærðfræði	2
Heilbrigðisgreinar	2	Textílmennt	2
Heimspeki	1	Tónlist	3
Húsasmíði	2	Trúarbragðafræði	2
Íslenska	1	Tölvunarfræði	1
Íþróttir	23	Umhverfisfræði	2
Jarðfræði	3	Uppeldisfræði	3
Kvikmyndagerð	1	Viðskiptafræði	6
Leiklist	1	Þýska	2
Líffræði	5		

Mynd 9: Fjöldi útgefna leyfisbréfa í framhaldsskóla eftir faggreinum.


Afgreiðsla umsókna um leyfisbréf fyrir leik-, grunn og framhaldsskólakennara 2017

Alls bárust 355 umsóknir um leyfisbréf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara á árinu 2017. Flestar umsóknir eða 165 bárust um leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla 120 um leyfisbréf í grunnskóla og 70 um leyfisbréf til kennslu í leikskóla. Af þeim 355 umsóknum sem bárust fóru 98 umsóknir til afgreiðslu matsnefndar.




Mynd 10: Heildarfjöldi umsókna um leyfisbréf flokkað eftir skólastigi.

Alls voru 234 umsóknir af þeim 355 sem bárust samþykktar og 121 umsókn var synjað. Hér má sjá yfirlit yfir afgreiðslu umsókna eftir skólastigi.



Mynd 11: Yfirlit yfir afgreiðslu umsókna eftir skólastigum.


Af þessu leiðir að gefin voru út leyfisbréf fyrir 66% þeirra sem sóttu um en 34% umsókna var synjað.



Mynd 12: Hlutfall umsókna sem voru samþykktar/synjað árið 2017.

Umsóknir um leyfisbréf fyrir leikskólakennara 2017


Alls sóttu 70 um að fá leyfisbréf til þess að nota starfsheitið „leikskólakennari“. Af þeim sem sóttu um fengu 29 útgefið leyfisbréf og 99% þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf voru konur. Þeir sem fengu útgefið leyfisbréf til leikskólakennslu höfðu flestir, eða 21, hlotið menntun hér á landi. Hér á eftir má sjá menntunarland þeirra sem fengu útgefin leyfisbréf til kennslu í leikskóla árið 2017.



Mynd 13: Menntunarland þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari.


Umsóknir um leyfisbréf fyrir grunnskólakennara 2017

Alls sóttu 120 um að fá leyfisbréf til þess að nota starfsheitið „grunnskólakennari“. Af þeim sem sóttu um fengu 76 útgefið leyfisbréf, 15 karlar og 61 kona. Samtals var 44 umsóknum synjað.



Mynd 14: Útgefin leyfisbréf fyrir grunnskólakennara 2017.


Þeir sem fengu útgefið leyfisbréf til grunnskólakennslu höfðu flestir, eða 45, hlotið menntun hér á landi. Hér má sjá menntunarland þeirra sem fengu útgefin leyfisbréf til kennslu í grunnskóla árið 2017.



Mynd 15: Menntunarland þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf í grunnskóla árið 2017.


Umsóknir um leyfisbréf fyrir framhaldsskólakennara árið 2017

Alls sóttu 165 um að fá leyfisbréf til þess að nota starfsheitið „framhaldsskólakennari“. Af þeim sem sóttu um fengu 129 útgefið leyfisbréf, 31 karl og 98 konur. Samtals var 36 umsóknum synjað.



Mynd 16: Útgefin leyfisbréf fyrir framhaldsskólakennara 2017.

Flestir þeirra, eða 102, sem fengu útgefið leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla höfðu hlotið menntun hér á landi. Hér má sjá menntunarland þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla árið 2017.



Mynd 17: Menntunarland þeirra sem fengu útgefið leyfisbréf til að kenna í framhaldsskóla 2017

Leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla eru líkt og áður sagði gefin út fyrir tiltekna faggrein.

Hér má sjá fjölda útgefinna leyfisbréfa til framhaldsskólakennslu eftir faggreinum.

Bókmenntafræði	2	Listgreinar	1
Búvísindi	1	Líffræði	5
Byggingafræði	1	Lífsleikni	1
Danska	1	Mannfræði	3
Enska	10	Matriðsla	1
Fatahönnun	1	Myndlist	5
Ferðamálafræði	2	Pólska	1
Félagsfræði	5	Rafiðngreinar	2
Franska	2	Saga	5
Grafísk hönnun	2	Sálfræði	6
Gríska/latína	1	Sérkennsla	7
Gull og silfursmíði	1	Spænska	1
Hagfræði	2	Stjórn málafræði	3
Heimspeki	1	Stærðfræði	2
Húsasmíði	1	Textílmennt	4
Hönnun	2	Tónlist	7
Íslenska	3	Trúarbragðafræði	1
Íslenska sem annað tungumál	1	Umhverfisfræði	1
Ítalska	1	Uppeldisfræði	2
Íþróttir	17	Upplýsingatækni	1
Jarðfræði	3	Viðskiptafræði	3
Leiklist	1	Þjóðfræði	2
Listdans	1	Þýska	2
Listfræði	1		

Mynd 18: Fjöldi útgefinna leyfisbréfa í framhaldsskóla eftir faggreinum.

Samantekt

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir afgreiðslu umsókna um leyfisbréf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara á árunum 2016 og 2017. Alls bárust á þessum árum 689 umsóknir, þar af fengu 563 einstaklingar útgefin leyfisbréf en 226 umsóknum var synjað.

Samtals voru 217 umsóknir til umfjöllunar matsnefndar en líkt og áður hefur komið fram þá fjallar nefndin eingöngu um þau mál þar sem vafi leikur á hvort umsækjandi uppfylli lagaleg skilyrði til útgáfu leyfisbréfs.

F.h. matsnefndar,

Kristrún Birgisdóttir, formaður

